

## REGLUGERÐ

**um innleiðingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842  
um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB  
að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda  
án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi.**

1. gr.

*Gildistaka EES-gerða.*

Eftirtalin EES-gerð skal öðlast gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi, sem vísað er til í tölulið 21apl, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2020, frá 23. október 2020, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 12. nóvember 2020, bls. 57-61.

2. gr.

*Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemissstigi.

3. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 9. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og öðlast hún þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 25. nóvember 2020.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*